

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Guðjóni S. Brjánssyni um rekstur hjúkrunarheimila.

1. *Hver á og rekur einkahlutafélagið Vigdísarholt, hverjir skipa þar stjórn og hvað rekur Vigdísarholt mörg hjúkrunarheimili samkvæmt samningi við ráðuneytið?*

Ríkissjóður Íslands á og rekur Vigdísarholt ehf. Stjórn þess skipa Steingrímur Ari Arason, Kristinn Hjörtur Jónasson og Þórhildur Kristinsdóttir. Félagið rekur hjúkrunarheimilin Sunnuhlíð í Kópavogi og Seltjörn á Seltjarnarnesi. Ekki hefur verið gerður samningur um reksturinn við heilbrigðisráðuneytið en félagið fær greitt fyrir veitta þjónustu samkvæmt gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, annars vegar gjaldskrá fyrir þjónustu hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2019 og eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands (nr. 195/2019) og hins vegar gjaldskrá fyrir dagdvöl aldraðra á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2019 og eru án samnings um verð við Sjúkratryggingar Íslands (nr. 385/2019).

2. *Áformar eða aðhyllist ráðherra útvistun á þjónustu fleiri hjúkrunarheimila til einkahlutafélaga?*

Ráðherra áformar ekki útvistun á þjónustu fleiri hjúkrunarheimila til einkahlutafélaga. Þess ber þó að geta að rekstur nýrra hjúkrunarheimila getur þurft að bjóða út, eins og lög um opinber innkaup, nr. 120/2016, gera ráð fyrir, þar sem einkahlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða aðrir aðilar hafa tækifæri til að bjóða í og taka að sér rekstur þeirra.

3. *Hefur komið til álita að setja á laggirnar stofnun sem taki yfir starfsemi þessara hjúkrunarheimila eða að útvista rekstur þeirra til sveitarfélaga, í stað þess að fela einkahlutafélagi reksturinn?*

Sjúkratryggingar Íslands hafa samið um rekstur hjúkrunarheimila við sveitarfélög og sjálfseignarstofnanir, auk þess sem heilbrigðisstofnanir reka hjúkrunarheimili vítt og breitt um landið og ekki eru áform um breytingar á því. Ekki hefur komið til álita að setja á laggirnar stofnun sem taki yfir starfsemi þessara hjúkrunarheimila.